



706 Hagsmunatrygging skipa

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR fyrir skip sem húftryggð eru samkvæmt húftryggingarskilmálum TM trygginga.

1. Vátryggingarsviðið.

1.1 Þessi vátrygging er hrein hagsmunatrygging og samþykkir félagið að vátryggður eigi tryggingarhæfa hagsmuni, er nemur því vátryggingarverði, sem ákveðið er í 3. gr. (grein).

2. Hið vátryggða.

2.1 Hið vátryggða eru þeir hagsmunir vátryggðs, sem bundnir eru við útgerð þess báts eða skips, hvoru tveggja nefnt skip í skilmálum þessum, sem tilgreint er í vátryggingarskírteini.

3. Vátryggingarverð.

3.1 Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið, en það má þó ekki vera hærra en 1/5 hluti af vátryggingarverði skipsins.

4. Skilyrði fyrir greiðslu bóta.

4.1 Félagið greiðir bætur þegar algert tjón verður á skipinu samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um húftryggingu þess.

5. Fjárhæð bóta.

5.1 Að fullnægðum skilyrðum fyrir greiðslu bóta, sbr. 4. gr. bætir félagið hagsmunatjónið með því að greiða vátryggingarverðið.

6. Viðbótariðgjöld.

6.1 Ef félagið á rétt á viðbótariðgjaldi samkvæmt húftryggingarskilmálum skipsins, vegna framlengingar vátryggingarinnar, aukinnar áhættu o.fl. (og fleira), ber því einnig hlutfallslegt viðbótariðgjald vegna þessarar vátryggingar.

7. Almenn ákvæði.

7.1 Eftir því sem við á gilda um vátryggingu þessa húftryggingarskilmálar félagsins fyrir það skip sem hagsmunatryggingin tekur til hverju sinni nema annað sé tekið fram.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.